# Umsókn til skipulagsfulltrúa 5.11.2018 13:00

## Almennar upplýsingar:

| | |
|---|---|
| **Nafn** | Arkís arkitektar ehf. |
| **Erindi nr.** | P-2018-11-05-0016 |
| **Kennitala** | 5311070550 |
| **Heimilisfang** | KLEPPSVEGI 152 |
| **Póstnúmer** | 101 |
| **Símanúmer** | 5112060 |
| **Netfang** | thorri@ark.is |
| **Nafn forsvarsmanns (ef um fjöleignarhús er að ræða)** | - |
| **Netfang tengiliðs** | - |

| | |
|---|---|
| **Greiðanda kennitala** | 4310141060 |
| **Greiðanda nafn** | Mannvirki ehf. |
| **Greiðanda netfang** | gunnar@remax.is |

## Framkvæmdasvæði

| | |
|---|---|
| **Heimilisfang/lóðarheiti** | Njálsgata 60 |
| **Umsækjandi er** | Í umboði eiganda |
| **Umsækjandi** | Hefur kynnt sér gildandi deiliskipulag |
| **Erindið fjallar um** | Breytingu á deiliskipulagi |

**Stutt lýsing á erindi**
Minjastofnun hefur aflétt friðun Njálsgötu 60 og eru því þörf á að uppfæra skilmála. Sjá nánar umsögn Borgarsögusafn Reykjavíkur dagsett 31.05.2017 BSS2016110001 og umsögn Minjuastofnun Íslands dagsett 15.05.2017, tilvísun: 33776/201702-0138. Í breytingunni felst að skilmálatafla er uppfærð og húsheiti Njálsgata 60 og Njálsgata 60A eru sameinuð undir heitinu Njálsgata 60. Auk þess er byggingarreit breytt þannig að hann bjóði upp á betri nýtingu byggingar og garðrýmis.

**Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn – þar sem við á**

Uppdrættir

| | |
|---|---|
| **Lýsandi nafn skjals** | -90-1.01-Deiliskipulagsuppdrattur_30.10.2018.pdf |
| **Lýsandi nafn skjals** | 17-065-Njalsgata-60---TILLAGA.pdf |

-

-



1 FD - Þrívídd - norðaustur



3 FD - Þrívídd - suðvestur



2 FD - Þrívídd - suður


ARKÍS arkitektar

Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is


## Njálsgata 60

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Njálsgata 60 |
| Sveitarfélag: | Sveitarfélag |
| Verknúmer: | 17-065 |
| Mælikvarði: | Dagsetning: 16/10/18 |

TILLAGA

S-004
teikning breyting

ÞRÍVÍDD UTANHÚSS

Blaðastærð A2 = 420 x 594




## 1 FD - 1. hæð

1 : 100




## 2 FD - 2. hæð

1 : 100




## 5 FD - 5. hæð

1 : 100




## 3 FD - 3. hæð

1 : 100




## 4 FD - 4. hæð

1 : 100

ARKÍS arkitektar

Kleppsvegi 15204 Reykjavík
kt 531107-0550S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

Njálsgata 60

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Njálsgata 60 |
| Sveitarfélag: | Sveitarfélag |
| Verknúmer: | 17-065 |
| Mælikvarði: 1 : 100 | Dagsetning: 16/10/18 |

TILLAGA

S-001
teikning breyting

GRUNNMYND

Blaðastærð A2 = 420 x 594




## A FD - Snið A-A

1 : 100




## B FD - Snið B-B

1 : 100

ARKÍS
arkitektar

Kleppsvegi 152104 Reykjavík
kt 531107-0550S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

Njálsgata 60

Verkheiti: Njálsgata 60
Sveitarfélag: Sveitarfélag
Verknúmer: 17-065

Mælikvarði: 1 : 100 Dagsetning: 16/10/18

TILLAGA

S-003
teikning breyting

SNIÐ

Blaðastærð A2 = 420 x 594



1 **FD - Ásýnd-Norður**
1 : 100



2 **FD - Ásýnd-Suður**
1 : 100



3 **FD - Ásýnd-Vestur**
1 : 100

ARKÍS arkitektar
Kleppsvegi 152 104 Reykjavík
kt 531107-0550 S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

Njálsgata 60

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Njálsgata 60 |
| Sveitarfélag: | Sveitarfélag |
| Verknúmer: | 17-065 |
| Mælikvarði: 1 : 100 | Dagsetning: 16.10.18 |

TILLAGA

S-002
teikning breyting
ÁSÝNDIR

Blaðastærð A2 = 420 x 594

Reykjavík 13. janúar 2019
Húsfélagið Njálsgötu 59

**Vegna breytingar á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, lóð nr. 60. Athugasemd frá húsfélaginu á Njálsgötu 59.**

Húsin á Njálsgötu 60/60a hafa verið í mikilli niðurníðslu og því erum við ekki mótfallin því að byggt verði nýtt hús. En við gerum athugasemdir við hæð þess og stærð þar sem það mun varpa skugga á íbúðir í fjölbýlishúsinu við Njálsgötu 59.

Í deiliskipulagi samþykktu 2013 er gert ráð fyrir að nýbyggingin sem mun standa við eldra hús á Njálsgötu 62 verði jafn há því en lækki síðan til vesturs. Með fyrirhugaðri breytingu verður hærri hluti byggingarinnar breikkaður um helming og þar með verður skuggavarpið enn meira, sérstaklega fyrir kjallaraíbúð og neðri hæðirnar. Þetta mun gera íbúðirnar óvistlegri og sjálfsagt hafa áhrif á endursöluverð. Það þarf að athuga að í íbúðunum við Njálsgötu 59 eru aðeins gluggar í tvær áttir, suður, þar sem mestrar birtu nýtur og nýbyggingin mun standa beint á móti og taka þar með af birtunni, og svo norður - það eru engir gluggar á austur- eða vesturhlið.

Með breikkuninni verður þetta ansi massífur virkisveggur frá horni Njálsgötu og Barónsstígs og upp með Njálsgötunni sem einkennst hefur af lágreistum húsum. Nú þegar er búið að byggja þriðju blokkina hinum megin á götunni og ryðja burt þeim gömlu húsum sem eftir voru og augljóst að á þessu svæði virðist gilda reglan um að “tryggja betri nýtingu byggingar”, eins og segir í tilkynningunni, en ekki að reyna að aðlaga byggingar að þeirri götumynd sem fyrir er. Við mælumst til þess að horfið verði aftur að fyrra skipulagi þar sem hæð og stærð hússins er þolanlegri.

Húsfélagið Njálsgötu 59.



Útsýnið úr glugga á 1. hæð Njálsgötu 59 - “veggurinn” sem mun blasa við.

Reykjavík 19. mars 2019/MÞ

**Njálsgata 60 - umsögn um athugasemdir vegna grenndarkynningar**

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. dags. 5. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 60 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að skilmálatafla er uppfærð og húsheiti Njálsgata 60 og Njálsgata 60A eru sameinuð undir heitinu Njálsgata 60. Friðun timburhúss að Njálsgötu 60 hefur verið afnumin og í stað þess verður heimilt að byggja nýtt hús á lóðinni. Byggingarmagn á lóðinni er óbreytt, en byggingareit er breytt, þannig að viðbygging til suðurs styttist, breikkar og hækkar (stallast). Auk þess er gert ráð fyrir að lengja um 3,20 m þann hluta hússins, sem má byggja upp að vegg Njálsgötu 62 í sömu hæð og Njálsgata 62, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags 30. október 2018. Einnig er lagður fram skýringaruppdr. dags. 16. október 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 17. desember 2018 til og með 14. janúar 2019.

Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:
Húsfélagið Njálsgötu 59 dags. 13. janúar 2019. Íbúar að Njálsgötu 60 leggjast ekki gegn því að byggt verði nýtt hús, en þeir gera athugasemdir við hæð þess og stærð, þar sem það muni varpa meiri skugga á íbúðir í húsinu að Njálsgötu 59, en hús sem byggt yrði í samræmi við deiliskipulag. Einkum hafa þeir áhyggjur af því að neðri hæðir og kjallaraíbúð muni gjalda þess að hærri hluti byggingarinnar verði breikkaður um helming og að það muni hafa áhrif á endursöluverð. Bent er á að með breytingunni verði massívur virkisveggur frá horni Barónsstígs og upp með Njálsgötu, sem einkennt hefur af lágreistum húsum. Þeir mælast því til þess að horfið verði aftur að fyrra skipulagi.

Umsögn.
Breytingartillaga þessi hefur nokkuð langa forsögu, en við það að Minjastofnun tók undir mat fagmanna um að timburhúsið væri óviðgerðarhæft og nam friðun þess úr gildi, var ljóst að breyta þyrfti deiliskipulaginu. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að hækka viðbyggingu að austanverðu upp í sömu hæð og Njálsgata 62. Eftir að farið var að skoða möguleika á nýbygginu á lóðinni kom upp tillaga sú, sem nú hefur verið grenndarkynnt, þ.e. að breikka hærri hluta byggingarinnar um 3,2 metra, þannig að stigahús verði fyrir miðju hússins. Það bætir nýtingu hússins þannig að stigahús og lyfta mun nýtast öllum íbúðum hússins. Eftir sem áður er ekki gert ráð fyrir aukningu byggingarmagns á lóðinni og einnig er haldið í þann hluta deiliskipulagsins um að vesturhluti hússins trappist niður að lágu timburhúsabyggðinni við Njálsgötu, sem stefnt er að því að varðveita.

Þessi breyting hefur áhrif á skuggavarp að húsum norðan götunnar og er því skiljanlegt að íbúar Njálsgötu 59 hafi áhyggjur af auknu skuggavarpi. Því var óskað eftir ítarlegra skuggavarpi, en skuggavarp sem fylgdi deiliskipulagsuppdrætti var ekki nægilega skýrt.

Gerð voru skuggavörp á þremur tímum að sumarlagi. Á skuggavarpinu sést að skuggi af hærri hluta hússins Njálsgötu 60 mun falla á húsið að Njálsgötu 59 frá því um kl. 15 til um klukkan 17. Sýndur er samanburður skugga fyrir og eftir deiliskipulagsbreytingu á þremur tímum árs, við sumarsólstöður 21. júní, jafndægur 21. mars/ 21. september og svo mitt á milli sumarsólstöðu og jafndægra, þann 5. maí/7. ágúst.

Sjá skuggavörp:









Samkvæmt skuggavarpi þessu sést að á sumrin milli 5. maí og 7. ágúst hefur breytingin ekki áhrif á skuggavarp á húsið að Njálsgötu 59. Á jafndægrum kemur skuggi á neðstu tvær hæðirnar um 45 mínútum fyrr en ef byggt yrði samkvæmt deiliskipulagi.

Þessi breikkun hærri hluta Njálsgötu 60 hefur þau áhrif frá 5. september til 10. apríl - um vetrarhelming ársins - að skuggi hærri hluta hússins lendir u.þ.b. 45 mínútum fyrr á húsinu að Njálsgötu 59. Eftir kl. 17 er skugginn kominn framhjá íbúðargluggum Njálsgötu 59.

Breytingin hefur aðallega áhrif á sólarljós í íbúðum neðri hæða frá 5. september til 10. apríl en einnig á efri hæðir hússins þegar sól er lægra á lofti.

<u>Nánari upplýsingar frá arkitekt varðandi skuggavarp:</u>

Skuggi á kjallaraglugga: Á tímabilinu 20. maí til 25. júlí fellur enginn skuggi af Njálsgötu 60 í kjallaraglugga Njálsgötu 59.

Skuggi á 1. hæð: Á tímabilinu 30. apríl til 15. ágúst fellur enginn skuggi af Njálsgötu 60 á fyrstu hæð Njálsgötu 59.

Skuggi á 2. hæð: Á tímabilinu 10. apríl til 5. september fellur enginn skuggi yfir handriðshæð svala á 2. hæð Njálsgötu 59.



Mynd tekin þann 20. febrúar 2019 kl. 14:32.

Skuggi sem fellur á svalir 2. hæðar skv. gildandi deiliskipulagi 5.september (eða 6. apríl) varir í 45 mínútur, milli kl. 15:45 og 16:30, en tímabil með skugga á þessum svölum lengist um 45 mínútur að auki, í eina klukkustund og 30 mínútur milli 15:00 og 16:30.

Ekki er þó líklegt að breyting þessi hafi neikvæð áhrif á endursöluverð íbúða að Njálsgötu 59.

Varðandi athugasemdir um massívan virkisvegg frá horni Barónsstígs og upp með Njálsgötu, þá eru byggingarnar á horni Barónsstígs og Njálsgötu hærri og mynda þar af leiðandi all háan samfelldan vegg, sem mun lengjast með gildandi deiliskipulagi, sem heimilar hækkun viðbyggingar Njálsgötu 60 upp í hæð Njálsgötu 62. Breytingin mun lengja vegg sem samkvæmt deiliskipulagi verður u.þ.b. 23,5 metrar á lengd í u.þ.b. 26,5 metra.

Deiliskipulagsbreytingin mun hafa áhrif á götumynd Njálsgötu, en við breytinguna minnka um leið neikvæð áhrif brunagafls á Njálsgötu 62. Breytingarnar hafa ekki áhrif á að skuggavarp á húsið að Njálsgötu 59 á sumartíma, þ.e. milli apríl og september. Á öðrum árstímum mun skuggi aukast um 45 mínútur.

Lagt er til að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík